



Ásgeir Þór Ásgeirsson

Fæddur 13. febrúar 1975

Dáinn 22. mars 2021



*Útför frá Akraneskirkju
þriðjudaginn 6. apríl 2021*

FORSPIL

BÆN

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;
þú smyr höfuð mitt með olíu;
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

RITNINGARORÐ


Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn – og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt – aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund – því feegurðin í henni býr.

Bragi Valdimar Skúlason









RITNINGARORÐ

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér
skrítið stundum hvernig lífið er,
eftir sitja margar minningar,
þakklæti og trú.

Þegar eitthvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig,
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þegar tími minn á jörðu hér,
liðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa veg
og taka á móti mér.

Bob Dylan – Ingibjörg Gunnarsdóttir

GUÐSPJALL

TÓNLIST

Í fjarlægð

Karl O. Runólfsson – Valdimar Hólm Hallstað

MINNINGARORÐ

TÓNLIST

Dust in the Wind

Kerry Livgren

BÆN / FAÐIR VOR

TÓNLIST

Can You Feel the Love Tonight

Elton John – Tim Rice

MOLDUN



Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

ÚTGÖNGULAG

Carry On Wayward Son

Kerry Livgren

Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson

Söngur: Bjarni Atlason og Heiðmar Eyjólfsson

Útfararþjónusta Akraneskirkju

Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug